


Skýrsla til stjórnar félagsins um starfsemina á árinu 2008.

Á skýrslufundi (aðalfundi) fyrir árið 2007 sem haldinn var 22. janúar 2008 voru eftiratalin kjörin í öldungaráð fyrir árið 2006:

Ágúst Úlfar Sigurðsson, Jóhann Gunnarsson, Óttar Kjartansson, Þorsteinn Hallgrímsson og Örn Kaldalóns. Bergþóra Ketilsdóttir er varamaður. Oddur Benediktsson, sem setið hefur í stjórn frá upphafi óskaði eftir hvíld frá stjórnarstörfum. Var honum þakkað mikilvægt frumkvæði hans og stuðningur við félagið, sem það vonandi fær notið enn lengi.

Félagsstarf

Félagsfundur var haldinn 15. maí í húsakynnum Símans við Ármúla. Er fyrirtækinu og gestgjöfum, þeim Magnúsi Hafliðasyni (formanni SKÝ) og Sæmundi Þorsteinssyni, þakkað fyrir rausnarlegt síðdegiskaffi, fræðslu um fyrirtækið og innsýn í framtíðarhorfur í fjarskiptamálum, einkum með tilliti til eftirspurnar eftir bandbreidd. Sjö öldungadeildarfélagar sóttu þennan fund. Til stóð að halda



rabbfund í tengslum við desemberráðstefnu SKÝ, en þar sem henni var aflýst vegna lítillar þátttöku varð ekki af því að öldungar hittust yfir léttum drykk í það skipti. Félagaskrá telur 35 manns í árslok 2008.

Grafið hér til vinstri sýnir fundarsókn á almenna félagsfundi 2006 til 2008. Miðað við gæði efnis og þess viðurgjörnings sem í boði hefur verið, einkum þegar fyrirtæki hafa boðið okkur heim, mættu vissulega fleiri nota tækifærið.

Þegar meta skal hversu miðað hafi á verksviði félagsins, „*varðveislu sögulegra gagna og heimilda, í hvaða formi sem er, um vélræna gagnavinnslu og notkun upplýsingatækni á Íslandi*“ verður að hafa hugfast að verkefnið er víðtækt og afrakstur heimildasöfnunar verður ekki sýnilegur fyrr en aðstaða fæst til að koma minjum fyrir á aðgengilegum stað. Á meðan slíkur staður er ekki fyrir hendi er unnið á ýmsum vettvangi að verkefnum sem gætu orðið stofn að safni þegar tekst

að koma þeim saman í eina heild. Hér verður minnst á nokkur atriði sem unnið hefur verið að. (Þessi málsgrein er endurtekin úr ársskýrslu 2006, enda á hún jafn vel við nú og þá).

Af ýmsu sem fram kemur hér á eftir mætti ætla að starfsemi öldungadeildar einskorðist við söfnun minja um starfsemi IBM hér á landi. Því fer auðvitað víðs fjarri. Margsinnis hefur verið skorað á frumherja úr heimi Wang, Digital Equipment og víðar að láta frá sér heyra án þess að það hafi borið árangur til þessa. Enn skal því skorað á alla sem minningar eiga óskráðar, eða minjar, að koma þeim á framfæri með einhverjum hætti.

Söguvefur

Söguvefurinn hefur lítið aukist á liðnu ári. Er ástæða til að hafa áhyggjur af því að mikilvæg vitneskja hverfi ef ekki tekst að koma henni á framfæri á meðan öldungar upplýsingatækninnar eru enn minnugir þess helsta sem gerðist. Ekki vantar að öldungar hvetji hver annan á fundum og þegar þeir hittast við önnur tækifæri, en sem sagt, vefstjóri bíður spenntur eftir nýju efni.

HiNC-3

Eins og getið var í síðustu ársskýrslu hafði komið til tals að halda þriðju ráðstefnuna í röðinni History of nordic computing hér á landi árið 2009, og hafði Skýrslutæknifélagið reyndar heitið stuðningi við það fyrirtæki og einnig Háskóli Íslands. Þar sem í ljós kom að Svíar höfðu einnig áhuga á að hýsa ráðstefnuna það ár var beðið eftir ákvörðun þeirra til 15. maí, en þann dag sendi formaður tölvupóst til forsvarsmanns þeirra Svíanna með þeim orðum að lengur gætum við ekki beðið eftir ákvörðun þeirra, og væri nú ekki möguleiki að halda ráðstefnu hér fyrir en 2011, sem yrði þá væntanlega HiNC-5. Ekki hefur heyrst frá Svíum síðan. Ekki kæmi á óvart þótt heimskreppan hefði haft áhrif á málið til frestunar.

Minjasöfnun

Öldungadeild er kunnugt um að á árinu var gengið frá tækjasafni Landsbankans til geymslu, lokið við ljósmyndun og skráningu. Hefur félaginu borist eintak af handbók um þennan hluta sögusýningarinnar með lýsingu muna og ljósmyndum. Einnig margmiðlunardiskur um afmæli bankans, meðal annars með lýsingu Eggerts Þórs Bernharðssonar og Sveinbjarnar Guðbjarnasonar á sögusýningunni. Vegna hruns bankanna í október komu upp vissar áhyggjur af örlögum safnsins. Var því bankastjóra Nýja Landsbankans ritað bréf þann 24. nóvember (með afriti til formanns bankaráðs Nýja LÍ, Fjármálaeftirlitsins vegna skilanevndar LÍ og forseta Alþingis) þar sem vakin var athygli á einstöku gildi þessa safns og nauðsyn þess að það verði varðveitt. Í bréfinu var einnig falast eftir heimild til að ljósrita fyrir félagið þrjár ritgerðir, er Sveinbjörn Guðbjarnason hefur nýlega lokið við, tengdar safninu og sögu tölvuvinnslu í Landsbankanum. Svar hefur enn ekki borist, enda sjálfsagt mörg áriðandi mál þar uppi á borðum.



Frá Árbæjarsafni barst ósk um að hjálpa safinu að meta gildi gamalla skýrsluvéla sem það á í geymslu við Köllunarklettsveg. Jóhann, Þórhallur og Óttar fóru á staðinn í aprílbyrjun. Reyndust þar vera nokkurn veginn sömu vélar og Þórhallur frétti af fyrir nokkrum árum og skrifaði um grein á Söguvefinn. Þar

er með öðrum orðum um að ræða nokkuð heillega seríu IBM-véla eins og þær voru hjá Skýrsluvélum upp úr 1952. Safnið hefur látið taka ljósmyndir af vélunum, sem við höfum nú fengið. Verður greinin uppfærð í myndum og texta og efnið látið Árbæjarsafni í té. Á mynd hér að ofan er IBM 080 spjaldaraðari. Þá er þarna í geymslunni miðeining úr IBM 370/148 frá Skýrr, IBM system 32 af óþekktum uppruna, ennfremur prentari og diskdrif sem næsta víst er að verið hafi í Reiknistofnun Háskólans við IBM 1620. Báðum við um að vélarnar yrðu varðveittar áfram. Í hillum safnsins eru fleiri munir tengdir upplýsingatækni, til dæmis að minnsta kosti tvær einmenningstölvur af Atlantis-gerð, en eins og einhverjir muna kannski voru þær settar saman hér á landi.

Formaður öldungadeildar gekk síðastliðið sumar á fund verkefnisstjóra í Miðstöð munnlegrar sögu, Unnar Maríu Bergsveinsdóttur og mæltist til samstarfs um söfnun frásagna eldri kynslóðar tölvufólks, en á ráðstefnunni HiNC-2 hafði verið greint frá öflugum starfi sænskra sagnfræðinga á þessu sviði. Var erindinu vel tekið, talið samt að lítið fengist gert nema fjár yrði aflað sérstaklega til verksins. Þessu hefur ekki verið fylgt eftir, en Unnur María mun ekki lengur starfa við miðstöðina. Þyrfti því að endurnýja tengslin ef fýsilegt þykir að taka þarna til á ný.

Í vist hjá IBM

Merkasti atburðurinn tengdur varðveislu minja árið 2008 var útkoma bókarinnar „Í vist hjá IBM. Svipmyndir úr sögu IBM á Íslandi“, sem Sverrir Ólafsson ritstýrði og ritaði sjálfur að stærstum hluta. Átta fyrrverandi starfsmenn og einn viðskiptavinur eiga einnig efni í bókinni, sem Nýherji gaf út af miklum myndarbrag. IBM var annað erlenda stórfyrirtækið sem fékk leyfi til að reka útibú á Íslandi. Umsvif þess á Íslandi voru umtalsverð á starfstímanum og starfsemi fyrirtækisins hafí marktæk áhrif á upphaf og þróun upplýsingatækninnar í landinu. Sverrir tókst á hendur þetta verk fyrir áeggjan öldungadeildar og fékk til þess stuðning vinnuveitanda síns, Nýherja hf. Við þetta tækifæri skal bæði Sverri og Nýherja þakkað þetta merka innlegg í sögu upplýsingatækninnar á landi hér.

Afmælisár

Á árinu var sem kunnugt er minnst 40 ára afmælis Skýrslutæknifélags Íslands. Formaður öldungadeildar átti sæti í afmælisnefnd, sem hélt nokkra fundi síðla árs 2007 og í upphafi 2008. Ákveðið var að öldungadeild skyldi taka þátt í afmælishátíðinni með því að gangast fyrir sýningu á síðari hluta ársins. Ágúst



Sýning Öldungadeildar Skýrslutæknifélagsins
í tilefni af 40 ára afmæli félagsins

30. október til 30. nóvember 2008

Úlfar Sigurðsson, Sigurður Bergsveinsson og Örn Kaldalóns tóku að sér að sitja í sýningarnefnd. Það varð úr að sýna skyldi þróun miðtölva (Mid-range computers) og einmenningstölva frá IBM allt frá System/34 og IBM PC. Sigurður á gott úrval þessara véla og lagði þær til sýningarinnar með góðum stuðningi hugbúnaðarfyrirtækisins Vigor sem hann stjórnar og starfsmönnum þess, ekki síst Ólafi Ólafssyni og Theodór Ottóssyni. Veggspjöld og upplýsingaskilti er þeir bjuggu til fyrir sýninguna eru einkar glæsileg og auðug af upplýsingum. Sýningin var opnuð í Þjóðarbókhöllu 30. október og stóð í réttan mánuð. Sóttu vel á annað hundrað manns

opnunina, sem var styrkt af Nýherja hf, en tengiliður fyrirtækisins við sýninguna var Emil Einarsson. Öldungadeild þakkar öllum sem að sýningunni stóðu fyrir það hversu glæsileg hún varð.

Öldungadeild gekkst fyrir því að tímaritinu Tölvumálum, sem komið hefur út samfleytt frá 1976, var komið á dagskrá í tímaritaskönnun Landsbókasafns Íslands - Háskólabókasafns. Það er nú aðgengilegt í heild á vefnum timarit.is. Safninu er hér með þakkað fyrir þetta framtak ásamt því að leggja til húsnæði undir sýninguna í nóvember.

Húsnæðismál

Í sem stystu máli hefur ekkert miðað í húsnæðismálum fyrir upplýsingatæknisafn.

Lokaorð

Enn eitt árið er liðið þar sem talsvert hefur verið gert, en samt margt orðið í undandrætti sem gera hefði mátt. Kreppan mun sjálfsagt hafa vaxandi áhrif í þá átt að minnsta kosti að fjáröflun utan að verður enn erfiðari en verið hefur, enda máttur stórfyrirtækja til að styrkja menningarmálefni mjög skertur.

Við samantekt skýrslu þessarar blasir það við að hún er sú fimmta í röðinni.

Öldungadeildin hefur sem sagt starfað í tæp fimm ár, stofnuð 22. júní 2004. Því verður að blása til annars afmælisárs 2009, hvernig sem félagar kjósa að halda upp á það. En eins og móðurfélagið hugsaði sitt afmælisár gætum við öldungar til dæmis notað okkar til að vekja athygli á hugsjón okkar, stækka félagatalið og freista þess að afla stuðnings við hana í hvaða formi sem hann fæst.

Öllum sem lagt hafa starfinu lið á árinu 2008 skal hér með þakkað af alhug.